

Fjallað verður um litríkan feril og tónverk Atla Heimis Sveinssonar í Gerðubergi á laugardag:

# Algerir eyrnaormar

Fyrsta tónþingið – í stíl við hin vinsælu sjónþing og ritþing – verður haldið í Gerðubergi á laugardaginn og hefst kl. 13.30. Þar situr fyrir svörum Atli Heimir Sveinsson sem hefur verið afkastamikill tónskáld frá því snemma á sjöunda áratugnum og eignaðist öruggt skjól í hjarta þjóðar sinnar þegar hann tónsetti „Kvæðið um fuglana“ eftir Davíð Stefánsson. Allir Íslendingar eldri en tvövetur syngja „Snert hörpu mína, himinborna dís“ við raust við hvert tækifæri.

En hvernig fer tónþing fram? „Það verður náttúrulega fjallað um mig,“ segir Atli Heimir á fundi með blaðamönnum, „það verða þrjár lotur, hver eins og venjuleg kennslustund og löngu friminútur á milli. Hver lota hefst á lifandi flutningi á stuttu verki, síðan verða umræður. Spyrjendur eru tveir, Guðni Franzson og Guðmundur Emils-son, menn sem gjörþekkjá veikleika mína og eru vísir til alls. Utan um allt þetta heldur svo röggum stjórnan- di, Hildur Helga Sigurðardóttir.“

## Fræðiorð í lágmarki

– Verður umræðan fræðileg fyrir lítt tónlistarmenntað fólk?

„Nei, ég hef alltaf talað um músík á skiljanlegu máli og notað fræðiorð í lágmarki,“ segir Atli, „og ég veit að þegar talað er um músík er nauðsynlegt að hafa lifandi dæmi. Það verður farið gegnum allan ferilinn og tónverk notuð eins og vörður á leiðinni, byrjað mínu fyrsta og eina tólfónaverki sem ég samdi þegar ég var 18 ára hjá Jóni Nordal, Sigrún Eðvaldsdóttir og Anna Guð- ný Guðmundsdóttir spila það. Svo leik- ur Jónas Ingimundarson úr öðru gömlu verki, Óði til steinsins. Miðferillinn verður kynnt- ur með verki sem ég skrifaði fyrir Manuelu Wiesler, Xanties, sem Áshildur Haraldsdóttir leik- ur með mér, og nýjasta verkið er sönglag við ljóð eftir Kára Stefánsson sjálfan sem Ólafur Kjartan syngur. Auk þess verða litil tóndæmi, mínúta og mínúta til skýringar. Þetta er nú orðinn meira en fjórutíu ára ferill og ég sextíu og þriggja ára!“ segir Atli og horfir ögrandi á blaðamann sem bregst



Guðni Franzson, Atli Heimir Sveinsson og Hildur Helga Sigurðardóttir þau verða saman á palli á fyrsta tónþinginu í Gerðubergi á laugardaginn.

við skjótt og segir:

„Hver myndi nú trúa því!“

„Já, ég veit að tíminn hefur gleymt mér – en þegar ég segi það þá bæti ég alltaf við ‘ssss’,“ og Atli leggur fingur á munn til áréttingar því að um þetta skuli ekki hafa hátt.

## Lága planið leiðinlegra

Guðni Franzson spyrill gerði lítið úr því að

hann þyrfti að rifja upp verk Atla fyrir þingið. „Ég þekki þessa tónlist og til- fellið er að hún situr í manni. Þetta eru eyrnaormar sem maður losnar ekki við þegar þeir eru einu sinni komnir inn. Atli er séni í að leysa ákveðin vanda- mál þó að stundum viti maður ekki al- veg hvert hann er að fara! Spurning dagsins verður: Hvar liggur snilldin í þessum skáldskap og hvar verða skandalarnir?“

– Þetta verður sem sagt gagnrýnin umræða ...

„Já, engar jarðarfararræður!“ grípur tónskáldið fram í. „Kosturinn við þessa menn er að þeir gjörþekkjá mína mús- ík gegnum tíðina en þeir hafa líka sam- anburð við það sem hefur verið að ger- ast erlendis og geta tengt á milli.“

„Það er óhætt að lofa því að þetta verður gaman,“ segir Hildur Helga. „Þó að umræður verði á háu plani þá held ég að engum eigi að leiðast.“

„Nei, lága planið er miklu leiðin- legra!“ fullyrðir tónskáldið.

## Beiskjan heftir

– Er gott að vera tónskáld á Íslandi?

„Ætli það sé nokkuð ólíkt því að vera tónskáld annars staðar,“ svarar Atli. „Vandamálin eru alls staðar þau sömu: að reyna að gera eitthvað almennilegt.“

– Hefur þjóðin verið þér góð?

„Þjóðin? Ja, svona upp og ofan. Und- irtektir almennings hafa yfirleitt verið góðar, undirtektir svokallaðra tónlist- arunnenda hafa verið verri og kítikerar hafa oft verið verstir!“ segir tónskáldið og harðneitar því að hann fái bara hrós og klapp nú orðið.

– En þú ert ekki beiskur maður?

„Nei,“ svarar Atli og kveður fast að orðinu. „Ég var hjá mjög góðum kennara sem ung- ur maður, Günther Raphael, gyðingi sem átti átak- anlega sögu. Þegar ég sagði honum frá þessari eyju minni norður í höfum sagði hann að það yrði áreiðanlega erfitt fyrir mig að koma heim með svona nýja hluti, og hann bætti við: „En þér meg- ið aldrei verða beiskur, því sá sem er beiskur skapar aldrei mikilfenglega list.“

## Tónlist

# Kossaf lens

Ég hef heyrt þann orðróm að Arndís Halla Ásgeirs- dóttir sópransöngkona syngi Næturdrottninguna eins og ekkert sé. Sumir segja að hún taki Næturdrottning- una í nefið. Nú hafði ég aldrei heyrt í Arndísi Höllu fyrr en á tónleikum hennar og þýska pianistans Hol- gers Groschopp í Salnum í Kópavogi á þriðjudags- kvöldið, en eftir þá tónleika veit ég að orðrómurinn er sannur. Fyrstu lögin á efnisskránni, úr Hermit Songs op. 29 eftir Samuel Barber, voru að vísu ekki mjög sannfærandi, þótt flutningur bæði söngkonu og pi- anista væri vandaður. Sópranrödd Arndísar Höllu er af kólórátúrgerðinni og spurning hvort írsku mið- aldatextarnir sem Barber tónsetur þurfi ekki ögn dekkri raddblæ til að skila sér á fullnægjandi hátt.

Allt annað var einstaklega glæsilegt, og nokkrar ariur eftir hlé voru svo snilldarlega fluttar að sjaldan hefur maður orðið vitni að öðru eins. Ég hef aldrei heyrt Una voce poco fa úr Rakaranum frá Sevilla eftir Rossini svona vel sungna, frammistaða Arndísar Höllu þar var á mælikvarða sem maður á ekki að venjast í íslensku tónlistarlífi.

## Tónlist

# Af væntanlegum stjörnum

Á þriðjudaginn voru fyrstu tónleikarnir í nýrri röð hádegistónleika þar sem Íslenska óperan hyggst kynna nýja fastráðna söngvara sína. Óperuunnendur kunnu greinilega vel að meta framtakið og fjöl- menntu á tónleikana; nokkrum mínútum fyrir konsertinn voru meira að segja öll prógrömm uppur- in og máttu síðbúnuðu gestir því gíska á hvað sung- ið var. Sjálfsgagt hafa allir farið létt með það, enda um að ræða nokkrar helstu perlurnar úr hinu sívinsæla Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart.

Það voru Ólafur Kjartan Sigurðarson og Hulda Björk Garðarsdóttir sem stíkludu á stóru og sögu sögu aðalpersónanna, Súsönnu og Fígarós, á hálf-

tíma. Bæði hafa þau farið með hlutverkin á sviði áður, hvort í sínu óperuhúsinu erlendis, eins og sjá mátti á öruggri leikrænni túlkun þeirra. Meðleikari þeirra var Steinunn Birna Ragnarsdóttir pianóleik- ari.

Hulda Björk hefur þýða og tæra sópranrödd og söng Súsönnu af látleysi og þokka, sviðsframkoma hennar var eðlileg og sannfærandi og löðrungasenan í fjórða þætti afar tilkomumikil. Það sópaði að Ólafi Kjartani í hlutverki Fígarós, rödd hans þróttmikil og sterk og virðist hann jafnvígur á kómík sem drama- tík sem nýttist honum vel í safarikri persónu Fí- garós. Steinunn Birna hóf tónleikana á hinum ofsa-

Eina sem Groschopp lék utan- að var „Rigoletto“ – paraphrase eftir Verdi/Liszt. Það var sérlega vel spilað þó hin hröðu hlaup, sem nóg er af, væru kyn- lega vélræn og ástriðulaus. Það fyrirgafst reyndar í seinna aukalaginu, Kossavísu Páls Ísólfs- sonar, því í síðasta erindinu settist Arndís Halla í fang pianóleik- arans og smelti á hann ótal kossu á meðan hún söng. Aðeins ofurmenni getur spilað feilnótulaust undir slíkum kringumstæðum, og Groschopp er greinilega ofurmenni.

Í það stóra voru þetta skemmtilegir tónleikar, og nokkuð ljóst að er fram liða stundir á Arndís Halla eftir að hrista upp í tónlistarheiminum svo um mun- ar.

Jónas Sen

## Önnur listaflétta

Önnur

listaflétta ársins sem Listráð Langholtskirkju gengst fyrir fer fram á laugar- daginn og hefst kl. 17. Þar verð- ur enn tvinnuð saman ýmsum listgreinum og er þjóðardrykkur Íslendinga, kaffið, rauði þráður dagskrárinna. Byrjað verður á fyrirlestri Hauks Inga Jónasson- ar guðfræðings um kaffi og trú, þá verður flutt Kaffikantatan, gamansamt tónverk eftir Johann Sebastian Bach, sem talið er samið um 1735 til flutnings á kaffihúsi. Flytjendur eru Margrét Bóasdóttir, Snorri Wium og Jó- hann Smári Sævarsson. Barok- sveit leikur á sams konar hljóð- færi og notuð voru á dögum Bachs. Fiðlurnar eru t.d. með strengi sem gerðir eru úr görnum og flautan er úr tré. Konsert- meistari er Hildigunnur Hall- dórdsdóttir.

Kaffikynning er á vegum Bir- is Finnbogasonar frá Súfistanum og sýndir verða handunnir kaffi- bollar eftir tólf listamenn. Loks flytur kvartettinn „Djúsi“ nokk- ur verk. Myndlistarsýning Krist- jáns Davíðssonar og Ásgerðar Búadóttur sem opnuð var í tengslum við fyrri listafléttuna stendur enn.

Aðgöngumiðar í síma 520 1300 eða við innganginn.

## Túlkur á fundi Hamsuns og Hitlers

Í nýju hefti af tímaritinu Rit- mennt er meðal efnis frásögn eftir Ásgeir Guð- mundsson sagn- fræðing af norskum manni sem var túlkur á fundi þeirra Hamsuns og Hitlers í heimsstyrjöldinni síðari. Hann dvaldist hér á landi bæði fyrir og eftir stríð og lést raunar hér á landi fyrir um fimmtán árum. Vegna sérkennilegra mála hér heima fór hann til Noregs í nóv- ember 1939 og varð ritari í norska utanríkisráðuneytinu, og þar var hann þegar þjóðverjar lögðu Noreg undir sig 9. apríl 1940. Hann gekk í nasistaflokk Quislings í september 1940 og varð starfsmaður nýs menningar- og upplýsingaráðuneytis. Þar stóð hann í beinu sambandi við Goebbels, áróðursmálaráðherra Þýskalands, og það var ástæða þess að hann var valinn túlkur á hinum sögufræga fundi skáldsins og einræðisherrans.

Af öðru efni í ritinu má nefna grein Jóns Þórarinssonar tón- skálds um latneska tíðasöngbók frá Hólum og umfjöllun Inga Sig- urðssonar sagnfræðings um upp- lýsinguna og hugmyndaheim Ís- lendinga á 19. og 20. öld. Einnig er skrá um handrit frá Vestur-Ís- lendingum og frásögn af bóka- safni Hjartar Þórðarsonar.

Ritmennt er ársrit Landsbóka- safns Íslands – Háskólabóka- safns. Ritstjóri er Einar Sigurðs- son.

## Vivaldi í Skálholti

Komnir eru út fimm konsertar og sónatan „Al santo sepolcro“ eftir Vivaldi sem Bach-sveitin lék og hljóðritaði í Skálholti sumarið 2000. Stjórnan- di er hinn þekkti fiðluleikari Jaap Schröder.

Bach-sveitin var stofnuð 1986 á vegum Sumartónleika Skálholts- kirkju. Hún helgar sig flutningi á tónlist 17. og 18. aldar og er braut- ryðjandi hérlandis í að flytja barokktónlist á upprunalegan hátt á hljóðfæri þess tíma.

Útgefandi er Smekkleysa. Menningarborgarsjóður styrkti útgáfuna.

